

28. nóvember 2018 kl. 15:00

Mættir: Stefanía Malen, Jón Steinar, Kristín, Þórey, Steinunn og Natalía Ýr.

Starfsmenn/nemendur

- 51 nemandi
 - 40 grunnskólanemendur
 - 21 nemendur koma frá Egilsstöðum
 - 11 leikskólanemendur
- 17 starfsmenn í mismunandi starfshlutföllum

Matsskýrsla ytra mat

Farið yfir skýrsluna frá menntamálastofnun. Mjög margt jákvætt og skýrslan sýnir gott verklag í þáttunum, stjórnun og fagleg forysta og nám og kennsla. Í þættinum innra mat eru þættir sem þarf að laga en skólabragur er góður. Umbótaáætlun verður gerð og mun fylgja skýrslunni sem verður opinber í lok janúar.

Umbætur:

- Þeir nemendur í 8. og 9. sem sitja í nemendaráði sitja fundi hjá Skólaráðinu.
- Ákveðið að búa til vinnuáætlun fyrir Skólaráðið.
- Rætt hvort ætti að halda opinn fund fyrir hagsmunaaðila. Reynt verður að slá þeim fundi saman við aðra atburði í skólanum til að tryggja betri mætingu.
- Bæta námsáætlunum inn á heimasíðu, ekki bara inn á Mentor.
- Gera betri umbótaráætlun um innra mat skólans.
- Búa til langtímaáætlun um innra mat skólans.
- Meta sérstöðu skólans sér í t.d. foreldrakönnunum.

Fjármál

- Farið yfir stöðu ársins og áætlun næsta árs.
- Nánast tvöfaldur kostnaður við skólaakstur sem flokkast undir annan skólaakstur.
 - Ástæða, fleiri sameiginlegir viðburðir/fræðslur árganga á Fljótsdalshéraði þar sem skólaakstur er nauðsynlegur.
- Þörf á auknum tækjakostnaði

Nemendakönnun

Farið yfir helstu niðurstöður nemendakannarinnar, ljóst að nokkrir þættir eru þar að potast í rétta átt og miða við úrbótaáætlun ársins sem er í vinnslu verður áhugavert að sjá stöðuna í vor.

Varmadæla

Varmadælan verður sett upp fyrir 31. maí 2019 samkvæmt útboðsgögnum, allar byggingar svæðisins munu tengjast henni.

Afmæli

Afmælisgjöf keypt- ærslabelgur. Styrkir eru komnir bæði frá Ungmannafélaginu 500 þús. og Foreldrafélaginu 150 þús. Rætt um að hafa áheitasöfnun í vor með nemendum til styrktar kaupunum.

Grænfáninn

- Vonandi verður flaggað í 4. skipti í vor ef útekt fæst í febrúar.
- Rætt um hvaða skref skólinn ætlar að taka næst til að vera í fararbroddi í þessum málum í samfélaginu.